

Innviðaráðuneytið
Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 1. mars 2024.

Efni: Beiðni framkvæmdaaðila um að skipa sérstaka raflínunefnd samkvæmt 9. gr. a skipulagslaga, nr. 123/2010, sbr. brl. nr. 35/2023. Holtavörðuheildarlína 1.

Með vísan til 1. mgr. 9. gr. a skipulagslaga, nr. 123/2010, sbr. brl. nr. 35/2023, óskar Landsnet eftir því að ráðherra skipi sérstaka raflínunefnd sem hefur það hlutverk að undirbúa, kynna og afgreiða raflínuskipulag fyrir framkvæmd í flutningskerfi raforku sem nær til tveggja eða fleiri sveitarfélaga og afgreiða umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir henni.

Til samræmis við áskilnað skipulagslaga er beiðni þessi sett fram áður en samþykkt hefur verið á fundi a.m.k. einnar sveitarstjórnar að auglýsa skipulagstillögu á grundvelli 31. gr. sömu laga.

I. Nánar um fyrirhugaða framkvæmd.

Um er að ræða framkvæmd sem fengið hefur vinnuheitið Holtavörðuheildarlína 1 (HH1). Nær framkvæmdin til fjögurra sveitarfélaga, þ.e.a.s. Hvalfjarðarsveit, Skorradalshrepp, Borgarbyggð og Húnaþing vestra.

Um er að ræða 220 kV loftlínu, u.þ.b. 91 km löng, sem mun liggja frá tengivirkinu á Klafastöðum í Hvalfirði að nýju tengivirki sem verður byggt á Holtavörðuheidi. Flutningsgetan verður á milli 800 og 900 MW. Línan er á samþykktri kerfisáætlun Landsnets 2023-2032 og er áætlað að framkvæmdir hefjist árið 2025.

Markmið með byggingu Holtavörðuheildarlínu 1 eru að bæta afhendingaröryggi á byggðalínusvæðinu. Við það eykst afhendingargeta á öllum afhendingarstöðum á landinu. Aukin flutningsgeta lína á byggðalínusvæðinu kemur þannig í veg fyrir að flutningstakmarkanir hamli eðlilegri atvinnuuppbyggingu og launþróun í landinu.

Um er að ræða matsskylda framkvæmd og er nú unnið að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Liður í því er að setja fram tillögur um raunhæfa valkosti línunnar, sem lagðir verða fram til umhverfismats. Áætlað er að umhverfismatsskýrsla verði gefin út í mars þar sem gerð verður grein fyrir aðalvalkosti Landsnets.

Landsnet hefur í samráði við sveitarfélög, verkefnaráð Holtavörðuheildarlínu 1, landeigendur og almenning leitað eftir hugmyndum og ábendingum um línuleiðir. Markmiðið er að vinnan leiði að lokum til skynsamlegrar niðurstöðu um aðalvalkost línunnar. Niðurstaða valkostagreiningar er að alls 11 valkostir Holtavörðuheildarlínu 1 eru taldir geta náð markmiðum framkvæmdarinnar á fullnægjandi hátt.

Um frekari upplýsingar og lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd má benda á eftirfarandi gögn og upplýsingar sem er að finna á vefsíðu Landsnets:

Almennt um verkefnið:

<https://landsnet.is/framkvaemdir/yfirlit-framkvaemda/framkvaemd/hvalfjordur-holtavorduheidi>

Upplýsingar um samráð og verkefnastjórn:

<https://landsnet.is/framkvaemdir/yfirlit-framkvaemda/framkvaemd/hvalfjordur-holtavorduheidi?kafli=samrad>

Upplýsingar varðandi umhverfismatið:

<https://landsnet.is/framkvaemdir/yfirlit-framkvaemda/framkvaemd/hvalfjordur-holtavorduheidi?kafli=umhverfismat>

Upplýsingar um framkvæmdina á vefsíðu:

<https://map.is/hh1/>

II. Niðurlag

Í ljósi alls framangreinds, og með vísan til ákvæða skipulagslaga um raflínunefnd, telur Landsnet að öll skilyrði séu uppfyllt svo unnt sé að afgreiða beiðni þessa. Landsnet mun upplýsa hlutaðeigandi sveitarfélög um framkomna beiðni.

Vinsamlegast hafið samband ef frekari upplýsingar eða gögn skortir, sem verða fúslega veitt.



F.h. Landsnets

Guðmundur I. Ásmundsson

Forstjóri